


Stjórnarfundur TSÍ



Dags. 28.apríl 2011

Mættir: Helgi Þór Jónasson, Gunnar Þór Finnbjörnsson, Bragi L. Hauksson og Júlíana Jónsdóttir. Þrándur Arnþórsson var erlendis.

Fundarefni:

1. Stjórnin skiptir með sér verkum:

- a.i.1. **Helgi er formaður**
- a.i.2. **Gunnar er varaformaður**
- a.i.3. **Júlíana er ritari**
- a.i.4. **Bragi er meðstjórnandi**
- a.i.5. **Þrándur er gjaldkeri, setur sig í samband við Ingólf Hjörleifsson upp á prófkúru ofl.**

- 2. **Skrifa þarf reikning á Vörð og Arion banka vegna logo á heimasíðu TSÍ (20.000kr.)**
- 3. **Ræddum um heimsóknir á heimasíðu okkar, um 900 heimsóknir á mánuði.**
- 4. **Nýjir styrkir frá ÍSÍ að upphæð 320.000 kr., 200.000 kr. í formi peninga og 120.000 kr. upp í flugmiða hjá Icelandair.**
- 5. **Búið er að senda bréf til ÍTR vegna nýrrar tennishallar á höfuðborgarsvæðinu, bréfið fer inn á framkvæmdafund hjá ÍTR í byrjun maí mánaðar.**
- 6. **5 ára framtíðarplan í tennis á Íslandi – eigum það til á ensku þ.e. síðasta 5 ára plan. Lagt til að fá Raj og Helga til að fara yfir það ásamt afreksstefnunni fyrir næstu ár, verður skoðað á næsta fundi, þarf að fá landsliðsþjálfara að þeirri vinnu.**
- 7. **Helgi hefur sett sig í samband við Badmintonsambandið vegna upplýsinga um allt faglegt utanumhald móta.**
- 8. **Dómaramál– Það þarf að bæta umgjörðina á tennismótum varðandi gæði á stórum leikjum með því að hafa dómara, línudómara, boltakrakka og aukna fjölmiðlaumfjöllun. TSÍ þarf hugsanlega að senda 2 aðila á námskeið erlendis á þessu ári því það þarf að eiga löglega dómara til að dæma á slíkum mótum á næsta ári, Andri og Jósef eru að flytja af landi brott á árinu. Ræða þarf við þá um það.**

9. Rætt um val í landslið karla og kvenna. Miklivægt er að reglur um valið séu skýrar og settar með góðum fyrirvara. Ef það er góður agi í mótamálum þá auðveldar það við val í landsliðið, það hanga saman dómaramál, mótamál og landsliðsmál.
10. Fjölmiðlamál – Helgi tekur það verkefni að sér.
11. Samskipti við ÍSÍ – Helgi sér um samskipti við ÍSÍ áfram. Styrkjamál og mótamál osfrv.
12. Tennis á sumrin –tennisfélögin geta aukið starf sitt á sumrin, margir útitennisvellar sem er hægt að nýta meira. Tennissambandið getur ýtt undir starfið með því að halda Íslandsmótið á völlum margra félaga, en þannig er líka hægt að hafa leiki í fullri lengd og tryggja betur reisn Íslandsmótsins.
13. Fundur með varastjórn verður haldinn miðvikudaginn 11. maí kl. 20:00 og þar verður skipað niður í nefndir.